

LYKILSPURNINGAR KENningarans

(SÓKRATÍSKAR SPURNINGAR)

Aldur nemenda: allur

Viðfangsefni: spurningar sem leiða samræðu áfram

Færni- og viðhorfamarkmið: samræðutækin eru sett fram til að þjálfra hæfni sem skilgreind er með markmiðum í [námskrá Verkefnabankans](#).

Efni og áhöld: ef til vill ljósrit af þessu blaði, en ekkert nauðsynlegt

Tími/umfang: nýtist samhliða allri samræðuvinnu

Höfundur verkefnis: Brynhildur Sigurðardóttir

KENNSLULEIÐBEININGAR

Þegar samræða nemenda fer af stað er það hlutverk kennarans af tryggja að grunnreglum samræðufélagsins sé fylgt þannig að nemendur geti notið sín í flæði eigin hugmynda.

Langsterkasta tæki sem kennari hefur til að leiða samræðu nemenda áfram eru spurningar sem benda nemendum á hvernig þeir geta haldið áfram, skerpt fókus og dýpkað samræðuna. Þetta eru spurningar eins og:

- heyrðir þú það sem hann/hún sagði?
- getur einhver sagt með öðru orðum það sem hann/hún var að segja?
- getur þú útskýrt betur...?
- af hverju?
- getur þú nefnt dæmi um ...?
- er hægt að vera ósammála...? hvernig?
- hvernig tengist þetta því sem hann/hún sagði rétt áðan?
- hvaða afleiðingar hefur það ef allir ... (gera það sem þú segir að eigi að gera)?

FLEIRI VERKEFNI Í VERKEFNABANKA HEIMSPEKITORGSINS

- [Samræðureglur](#)
- [Þróun samræðufélags](#)
- [Samræðutækin hans Tom](#)

